



Samskiptaáætlun Sandgerðisskóla

2022-2025



Skjöldur

Jákvæð samskipti – gegn einelti

Uppeldi til ábyrgðar

Valdís Hildur Fransdóttir

Efnisyfirlit

1	Stefna skólans í samskiptamálum.....	3
2	Hlutverk	3
2.1	Samskiptateymi	3
2.2	Umsjónarmaður	4
2.3	Skólinn og starfsmenn hans	4
2.4	Nemendur.....	5
2.5	Heimili	5
3	Skilgreiningar og verkefni	6
3.1	Einelti.....	6
3.2	Þöldi og gerandi	6
3.3	Andfélagsleg hegðun.....	6
3.4	Við erum saman í liði - samskiptareglur.....	6
3.5	Bekkjarfundir.....	7
3.6	Fundareglur	7
3.7	Hlutverkaleikir, myndbönd og klípusögur	7
3.8	Tengslakannanir og einstaklingsviðtöl	8
3.9	Eineltishringur.....	8
3.10	Skólapúlsinn	8
4	Grunur um einelti – tilkynningar og úrvinnsluferli	9
4.1	Uppbyggingarvinna ef einelti á sér stað.....	10
4.2	Skráningar og varðveisla gagna.....	10
5	Fylgiskjöl	11
5.1	Vinnuferli samskiptateymis þegar grunur kemur upp eða tilkynning berst.....	11

Ábyrgðarmaður og uppfærsla 2022: Valdís Hildur Fransdóttir, aðstoðarskólastjóri.

1 Stefna skólans í samskiptamálum

Sandgerðisskóli leitast við að skapa jákvætt og uppbyggjandi umhverfi þar sem öllum líður vel. Samskiptaáætlun skólans miðar að því að fyrirbyggja einelti og andfélagslega hegðun og taka á slíkum málum þegar þau koma upp. Allt starfsfólk skólans tekur þátt í vinnunni og leggur sitt af mörkum í að byggja upp félagslega sterkt samfélag þar sem jákvæð samskipti fara fram.

Skólinn einn og sér mun þó aldrei geta tekið á þeirri vanlíðan sem fylgir því að vera lagður í einelti eða stuðlað að uppbyggingu samfélags þar sem einelti er ekki samþykkt. Hér verða heimilin og samfélagið allt að leggja sitt af mörkum. Því leitast Sandgerðisskóli eftir því að eiga gott samstarf við sitt nánasta umhverfi og alla þá sem samfélagið móta.

Uppræting samskiptavanda og eineltis krefst samvinnu allra þessara aðila ef árangur á að nást. Áætlun Sandgerðisskóla er unnin út frá hugmyndafræðinni *Uppeldi til ábyrgðar, uppbygging sjálfsaga sem og Olweusaráætlunarinnar á Íslandi*.

Uppeldi til ábyrgðar (e. Restitution) miðar að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórni og þjálfa nemendur í að ræða um tilfinningar sínar og átta sig á þörfum sínum. Vinnuaðferðunum er einnig ætlað að styðja starfsmenn skólans við að móta sér skýra stefnu varðandi samskipti og agamál. Öðru fremur er um að ræða aðferðir við að kenna sjálfstjórni og sjálfsaga og styrkja einstaklinga í því að læra af mistökum sínum.

2 Hlutverk

2.1 Samskiptateymi

Í samskiptateyminu sitja umsjónarmaður Skjaldar, stjórnandi, kennari af hverju stigi, verkgreinakennari, námsráðgjafi, nemendaráðgjafi, umsjónarmaður, stuðningsfulltrúi og skólaliði. Leitast er við að samskiptateymið endurspegli samfélagið í skólanum með tilliti til jafnréttisáætlunar.

Hlutverk samskiptateymis er að fara yfir tilkynningarblöð um samskiptavanda/einelti, að gæta þess að farið sé eftir vinnuferlum þegar grunur um einelti kemur fram og eftirfylgd mála. Hlutverk teymis er einnig að upplýsa annað starfsfólk og efla faglega umræðu og vinnubrögð. Samskiptateymið sér um að skipuleggja dag jákvæðra samskipta og aðra viðburði tengda vitundarvakningu um samskiptavanda og einelti. Samskiptateymi hittist reglulega og fer yfir þau mál sem eru í gangi og framvindu þeirra. Samskiptateymi endurskoðar samskiptaáætlun og verkferla árlega og kynnir fyrir starfsfólk og nemendum.

2.2 Umsjónarmaður

Umsjónarmaður samskiptateymis er faglegur leiðbeinandi, hann sér um fræðslu fyrir nemendur, kennara og aðra starfsmenn. Umsjónarmaður hefur yfirsýn yfir félagslega stöðu nemenda skólans í samstarfi við umsjónarkennara. Hann sér til þess að tengslakannanir séu lagðar fyrir alla bekki, að bekkjarfundir séu haldnir vikulega af umsjónarkennurum, situr bekkjarfundi ef þörf krefur, kynnir form þeirra fyrir nýliðum og fylgist með því að nemendaviðtöl séu tekin einu sinni á hverri önn. Umsjónarmaður heldur utan um öll mál sem koma til samskiptateymis.

2.3 Skólinn og starfsmenn hans

Í Sandgerðisskóla er unnið með Uppbyggingu sjálfsaga/Uppeldi til ábyrgðar. Í skólanum berum við virðingu fyrir sjálfum okkur, öðru fólk og öllu í kringum okkur. Við vinnum að því að gera alltaf okkar besta og að við stjórnum engu nema okkur sjálfum.

Allt starfsfólk Sandgerðisskóla á að þekkja Skjöld, samskiptaáætlun skólans, og taka þátt í þeirri vinnu sem henni tengist. Árlega eru haldnir fundir þar sem farið er yfir áherslubætti sem máli skipta, verkefnum er úthlutað, nýum starfsmönnum kynnt áætlunin og stefna skólans og upprifjun haldin fyrir alla starfsmenn.

Allt starfsfólk Sandgerðisskóla á að geta beitt íhlutun ef það verður vitni að samskiptavanda, einelti eða andfélagslegri hegðun og látið sig málið varða.

Starfsfólk á að geta metið stöðuna hverju sinni, geta tekið á málum og er ætlað að leita til réttra aðila ef þörf þykir (umsjónarmanns samskiptateymis, umsjónarkennara, foreldra, skólastjórnendur o.s.frv.). Meginmarkmiðið er að allir starfsmenn þekki skilgreiningu á einelti, birtingarmynd þess og beiti samræmdum vinnubrögðum. Auk þess að vera sérstaklega vakandi fyrir því að koma auga á samskiptavanda, sem getur leitt til eineltis.

2.4 Nemendur

Sandgerðisskóli er Uppbyggingarskóli. Þar er unnið með þarfir nemenda og þeim kennt að vera besta útgáfan af sjálfum sér. Unnið er með lífsgildi og í hverjum bekk er gerður bekkjarsáttmáli. Þegar unnið er með lífsgildin og bekkjarsáttmáli saminn hækkar kennarinn vitundarstig nemenda sinna og kennir þeim að stjórna skynjun sinni, einkum í sambandi við ágreining. Þeir læra að breyta um sjónarhorn, sjá vandamál í nýju ljósi þannig að sjálfsþekking og félagsfærni þeirra eykst. Þeir verða færari í því að vinna úr togstreitu, hjálpast að við að finna lausnir og leita sér hjálpar hjá hinum fullorðnu.

Allir nemendur Sandgerðisskóla fá reglulega fræðslu um samskipti/einelti. Farið er yfir bekkjarreglur gegn einelti og eiga nemendur að ræða reglurnar og þyðingu þeirra fyrir bekkinn. Umsjónarkennarar hafa vikulega bekkjarfundi þar sem m.a. er rætt um líðan, samskipti og hegðun. Fundirnir eiga að stuðla að jákvæðum samskiptum og samstöðu nemenda gegn einelti. Nemendur eru þjálfaðir í að tjá eigin tilfinningar og sjónarmið. Hlutverkaleikir og klípusögur eru m.a. notaðir til að auka upplifun nemenda og skilning á einelti og til að hvetja þá til að bregðast við því.

Umsjónarkennarar leggja fyrir tengslakannanir í bekkjunum tvívar á skólaári og oftar ef þörf er á. Einstaklingsviðtol eru tekin einu sinni á önn, þar sem farið er yfir spurningarlista um bekkjarbrag og líðan. Mikil áhersla er á að nemendur þjálfist í að vinna í hópum og sýni hver öðrum tillitssemi, sveigjanleika og umburðarlyndi. Allir nemendur í Sandgerðisskóla eiga að:

- ✓ Þekkja skólareglur gegn einelti (*Við erum saman í liði*)
- ✓ Taka þátt í bekkjarfundum og virða umfjöllunarefni og fundarreglur
- ✓ Leggjast á eitt við að uppræta einelti og stuðla að jákvæðum samskiptum

2.5 Heimili

Sandgerðisskóli telur mikilvægt að samstarf allra aðila í umhverfi nemenda sé gott til að sporna gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Margt er það sem heimilin geta gert til að skapa gott andrúmsloft. Reglulega fær nærsamfélagið kynningu á áætluniinni en þegar við á eru haldnir sérstakir foreldrafundir þar sem ræddar eru aðgerðir í skólanum við að uppræta einelti. Sandgerðisskóli telur mikilvægt að foreldrar:

- ✓ Eigi góð og virk samskipti við foreldra bekkjarfélaga barna sinna
- ✓ Ræði á jákvæðan hátt við börnin sín um samskipti
- ✓ Séu fús til samstarfs
- ✓ Taki sjálfir á samskiptamálum sem upp koma heima eða utan skólastarfsins
- ✓ Skipti sér af málum sem þeir verða vísir að og komi upplýsingum til réttra aðila

3 Skilgreiningar og verkefni

Með samskiptaáætluninni er lögð áhersla á að byggja upp jákvætt samfélag þar sem einstaklingar bera virðingu fyrir hver öðrum.

3.1 Einelti

Við tölum um einelti þegar einstaklingur verður endurtekið fyrir neikvæðu og óþægilegu áreiti eins eða fleiri og viðkomandi á erfitt með að verjast. Einelti hefur margar birtingarmyndir. Beint einelti birtist með höggum, spörkum, blótsyrðum, niðurlægjandi og háðslegum athugasemdum eða hótunum. Óbeint einelti er þegar viðkomandi er útilokaður frá félagahópnum, verður fyrir illu umtali, augngotum eða komið er í veg fyrir að viðkomandi eignist vini. Rafrænt einelti er orðinn stór þáttur af birtingarmynd eineltis og þurfa starfsmenn skóla og foreldrar að fylgjast sérstaklega með tölvunotkun og samskiptum barna sinna í gegnum veraldarvef Finn.

3.2 Þolandi og gerandi

Einstaklingur sem lagður er í einelti er kallaður þolandi. Hann þarf hjálp og stuðning við að stöðva eineltið og leiðsögn til að öðlast bætta sjálfsmynnd.

Einstaklingur sem leggur í einelti er kallaður gerandi. Stöðva þarf andfélagslega hegðun þeirra sem leggja í einelti og aðstoða þá til bættrar hegðunar. Hér getur íhlutun verið misjöfn og fer eftir eðli mála hverju sinni.

3.3 Andfélagsleg hegðun

Andfélagsleg hegðun er sú hegðun sem bregður út af félagslegum gildum og einstaklingar vanvirða með henni rétt annarra. Einnig er átt við verknaði sem ekki samræmast viðurkenndri hegðun og þeim lögum sem gilda í samfélagini.

3.4 Við erum saman í liði - samskiptareglur

Allir nemendur Sandgerðisskóla eiga að þekkja og tileinka sér eftirfarandi reglur, sem eru kallaðar *Við erum saman í liði*:

1. Við erum góð hvert við annað og leggjum ekki í einelti.
2. Við aðstoðum þá nemendur sem verða fyrir stríðni og/eða einelti.
3. Við þössum að vera líka með þeim sem oft eru einir.
4. Við segjum fullorðnum frá ef við sjáum eða fréttum að einhverjum líði illa.

3.5 Bekkjarfundir

Bekkjarfundir eru haldnir einu sinni viku að vali umsjónarkennara. Á bekkjarfundum eru m.a. ræddar aðferðir til að sporna við og fyrirbyggja einelti, andfélagslega hegðun og aðrar aðgerðir til að bæta samskipti. Öðrum starfsmönnum skólans er boðið að taka þátt í bekkjafundi til að kynnast nemendum og koma með fleiri sjónarmið. Bekkjarfundarformið er hægt að nota til að bæta almennan bekkjaranda og á þeim er hægt að leggja fram hin ýmsu mál til umræðu. Við notumst við fundarreglur er við sitjum bekkjafundi.

3.6 Fundareglur

Ætlast er til þess að fundarreglur séu virtar þegar bekkjarfundir og aðrir fundir eiga sér stað. Með því að virða reglurnar erum við um leið að bera virðingu hvert fyrir öðru. Á þetta bæði við um starfsfólk og nemendur.

Fundarreglurnar eru eftirfarandi:

1. Við réttum upp hönd .
2. Við grípum ekki fram í fyrir þeim sem eru með orðið.
3. Við getum verið ósammála án þess að vera óvinir, bólva eða vera orðljót.
4. Allir hafa leyfi til að tjá sig.

Við erum einnig með reglur sem gott er að hafa í huga á fundunum okkar og þær eru eftirfarandi:

1. Við hlustum vel hvert á annað.
2. Einn talar í einu.
3. Við hlæjum ekki né flissum þegar bekkjafélagar okkar segja skoðun sína.
4. Við gerum ekki lítið úr skoðunum annarra.
5. Trúnaður.

3.7 Hlutverkaleikir, myndbönd og klípusögur

Hlutverkaleikir, myndbönd og klípusögur eru notaðar til að auka upplifun nemenda, skilning á einelti og til að hvetja þá til að bregðast við því. Í hlutverkaleik bregða nemendur sér í hlutverk í fyrirfram ákveðnum ímynduðum aðstæðum. Þessi aðferð gefur nemendum möguleika á að upplifa ólíkar aðstæður og setja sig í spor annarra.

Í samskiptamyndböndum eru sýndar birtingarmyndir eineltis, nemendur ræða saman, finna lausnir og gera verkefni.

Klípusögur eru notaðar til að kveikja umræðu og fá nemendur til að vinna sjálfstætt eða í hóp við að reyna að finna lausnir á hinum ýmsu vandamálum.

3.8 Tengslakannanir og einstaklingsviðtöl

Umsjónarkennrar leggja fyrir tengslakannanir í bekkjunum minnst tvisvar á skólaári, einu sinni á hvorri önn og oftar ef þörf krefur. Ef kennara grunar að einelti eigi sér stað í sínum nemendahópi getur hann alltaf lagt fyrir tengslakönnun í bekknum sem gæti gefið vísbindingar um stöðu hópsins. Umsjónarmaður samskiptateymis fer yfir kannanir, greinir félagslega stöðu og fer yfir niðurstöður með samskiptateymi, umsjónarkennurum og stuðningsfulltrúum.

Einstaklingsviðtöl fara fram tvisvar á skólaári. Kennari notast við spurningalista sem unnin er úr bók Helle Hojby; *Ikke mere mobning*, sem gefur heildarsýn á stöðu barnsins í skólanum, námslega og félagslega.

3.9 Eineltishringur

Eineltishringurinn er byggður á *Olweusaráætluninni*-gegn einelti og er útskýringarmynd með orðskýringum (www.olweus.is). Eineltishringinn eiga allir nemendur að þekkja og geta staðsett sjálf sig innan hans. Eineltishringurinn á að vera til staðar og sýnilegur í öllum kennslustofum, göngum, félagsmiðstöð, tónlistarskóla, bókasafni, íþróttahúsi og víðar.

3.10 Skólapúlsinn

Sandgerðisskóli leggur fyrir könnun Skólapúlsins tvisvar sinnum á skólaárinu. Fyrirlögnin er í höndum aðstoðarskólastjóra sem fær úrtakslista frá Skólapúlsinum hverju sinni. Könnunin er unnin í tölvustofu í litlum hópum. Samskiptateymið skoðar niðurstöðurnar eftir hverja fyrirlögn og fer yfir það sem betur má fara í hverjum nemendahópi eða rými fyrir sig. Upplýsingarnar eru nýttar til að vinna að úrbótaáætlun skólans ár hvert. Sá kvarði sem notaður er í Skólapúlsinum til að mæla einelti er fenginn frá Námsmatsstofnun og er frá árinu 2005. Einelti er mælt í Skólapúlsinum með því spyrja nemendur um hve oft eftirfarandi atvik gerðust á undanförnum 30 dögum:

1. Mér fannst einhver vera að baktala mig.
2. Ég var beitt(ur) ofbeldi.
3. Ég var skilin(n) útundan.
4. Einhver sagði eitthvað særandi við mig.
5. Mér leið mjög illa af því hvernig krakkarnir létu við mig.
6. Mér leið mjög illa af því sem krakkarnir sögðu um mig eða við mig á netinu.

4 Grunur um einelti – tilkynningar og úrvinnsluferli

Einelti er ekki liðið undir neinum kringumstæðum og er litið á það sem alvarlegt brot á skólareglum. Ávallt skal gæta trúnaðar í meðferð eineltismála.

Mikilvægt er að allir sem hafa grun eða vitneskju um eineltismál tilkynni það strax til skólans svo að hægt sé að vinna markvisst að því að stöðva eineltið.

Ef vitneskja um einelti berst til skólans, mun starfsfólk skólans vinna samkvæmt eftirfarandi ferillýsingu:

1. Grunur um einelti tilkynnist til starfsmanns skóla sem síðan leitar til samskiptateymis.
2. Umsjónarmaður samskiptateymis tekur við. Í framhaldi eru tekin viðtöl við meintan þolanda og geranda/gerendur.
3. Rannsókn fer af stað, þar sem umsjónarmaður vinnur með umsjónarkennara og samskiptateymi.
4. Umsjónaraðili er í sambandi við foreldra á meðan unnið er með tilkynninguna. Hann skráir alla framvindu málsins í til þess gert skjal, vinnuferli. Einnig skráir hann framvindu málsins í dagbók á Mentor og greinir málið samkvæmt skilgreiningu skólans á einelti. Foreldrar þurfa að gefa leyfi fyrir upptöku á viðtali.
5. Umsjónarkennari fer yfir tengslakannanir, tekur einstaklingsviðtöl, heldur bekkjarfund og fer í hópefli með bekknum með aðstoð frá samskiptateymi. Verkáætlunin er leiðandi og auðvelt að fara eftir.
6. Starfsmenn, sem tengjast viðkomandi nemendum, eru upplýstir um gang mála.
7. Samskiptateymi tekur ákvörðun um hvort aðstoða þurfi einstaklinga frekar. Þá er í boði vinna með námsráðgjafa, nemendaráðgjafa, hjúkrunarfræðingi eða skolasálfræðingi. Skólastjóri er upplýstur um málið.
8. Niðurstöður rannsóknar kynntar aðilum máls.
9. Meti samskiptateymi að um einelti sé að ræða vinnur það áfram út frá gátlistanum. Teymið hefur samband við foreldra þolenda og gerenda í þeim bekk sem eineltið á sér stað. Öllum foreldrum bekkjarins er gerð grein fyrir eineltinu og hverjar aðgerðir skólans eru til að aðstoða þolanda og geranda og hvaða afleiðingar það hefur ef einelti heldur áfram. Foreldrum er gerð grein fyrir því hvað þeir geta sjálfir gert til að aðstoða barn sitt og mikilvægi samstarfs varðandi eftirfylgni málsins. Foreldrum stendur alltaf til boða að ræða við umsjónarmann eða aðra í samskiptateyminu.
10. Eftirfylgni er mjög mikilvæg og er það hlutverk umsjónarkennara að ræða við þolanda og geranda reglulega og hafa reglulegt samband við foreldra.

11. Ef einelti heldur áfram þrátt fyrir ofangreindar aðgerðir er gripið til úrlausna eins og lýst er við brotum á skólastegnum.
12. Ef ekki tekst að leysa málið er því vísað til nemendaverndarráðs ásamt skráningu á málsatvikum.

4.1 Uppbyggingarvinna ef einelti á sér stað

Ef um einelti er að ræða þá er farið í markvissa vinnu með þolanda og geranda/gerendum. Þar sem eineltismál geta verið mismunandi eru leiðir að úrbótum margar. Það er mat samskiptateymis í samstarfi við umsjónarkennara og foreldra í hverju máli fyrir sig hvaða úrbætur skal fara í. Þær leiðir sem eru í boði eru:

- ✓ Art
- ✓ Bauja
- ✓ Sáttaleiðin
- ✓ Félagsfærni
- ✓ Námsráðgjafi
- ✓ Vináttuþjálfun/leiðtogaþjálfun
- ✓ Sálfræðingur
- ✓ Hjúkrunarfræðingur


4.2 Skráningar og varðveisla gagna


Öll mál sem upp koma er varða ákveðna einstaklinga eru skráð á tilkynningarblað og verkskjali. Það skal einnig skrá í dagbók á Mentor undir nafni þess einstaklings sem málið varðar. Gæta skal fyllsta trúnaðar við skráningu.

Ef um er að ræða sérstaka meðhöndlun mála er berast aðgerðarteymi fylgir skýrsla nemanda og geymist hún í skjalaskáp líkt og gert er með önnur sérúrræði og greiningar.

5 Fylgiskjöl

5.1 Vinnuferli samskiptateymis þegar grunur upp eða tilkynning berst





Samskiptavandi

Á að fara af stað rannsókn vegna hugsanlegs eineltis?

Skilgreining eineltis:

Einelti er siendurtekið ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, þar sem einn eða fleiri niðast á einum, sem á erfitt með að verjast. Einelti felur í sér misbeitingu á valdi með þeim afleiðingum að þolanda liður illa og hann finnur til varnarleysi.

Er síendurtekið brotið á einstaklingnum ?

Já

Nei

Þá er um samskiptavanda að ræða og ekki mun fara af stað rannsókn, aðstoða þarf einstaklingana/hópinn við að ná sáttum.


Er það sami einstaklingur/hópur sem á í neikvæðum samskiptum við þolanda?

Já


Nei

Þá þurfum við að skoða hvernig samskipti eiga sér stað, hver á oftast upptökin, er þetta eitt mál eða fleiri. Síðan tekin ákvörðun af eineltisráði.

Rannsókn á hugsanlegu einelti sett af stað.



Sáttaborðið



Spurningar fyrir nemendaviðtöl unnið úr bók Helle Hojby; Ikke mere mobning.

1. Hvernig líkar þér í skólanum?
2. Eru sérstakar kennslustundir sem þér líkar við? Hvaða?
3. Eru sérstakar kennslustundir sem þér líkar ekki vel að vera í? Af hverju?
4. Eru frímínútur sem þú hefur það ekki sérstaklega gott? Hvað er þá í gangi?
5. Hverjir í bekknum ráða mestu? Af hverju heldur þú að þau/þeir/hann hún ráði mestu?
6. Hverjum situr þú hjá? Hverjir sitja við hópbordið þitt? Hvernig gengur það?
7. Heldur þú að allir í bekknum hafi það gott? Er einhver sem þú finnur til með? Er stríðni eða einelti í gangi? Hverjir verða fyrir því?
8. Ef þú gætir valið sjálf/sjálfur hvern myndir þú velja sem allra besti vin í bekknum? Þú mátt velja þrjá. (Biðja nemanda að forgangsraða)
9. Hefur þú hugmyndir um það hvernig við getum haft betri samskipti í bekknum?
10. Er eitthvað í samskiptum innan bekkjarins sem þú hefur ekki talað um og þér finnst að ég eigi að vita?

Spurningarnar eru valdar með það í huga að kennarinn fái heildarinnsýn í stöðu barnsins í skólanum. Námslega, félagslega, jákvætt og neikvætt. Fyrsta spurningin er mikilvæg því hún dregur fram hvernig barninu líður almennt í skólanum. Ef barnið svarar þeirri spurningu þannig að því líði ekki vel gefur það tilefni til að spyrja nánar út það. Börnum, sem eru virk í kennslustundum, líður oftast vel í skólanum.

TILKYNNINGARBLAÐ VEGNA GRUNS UM SAMSKIPTAVANDA/EINELTI

-Trúnaðarmál-

Nr._____

Dags:_____ (mikilvægt)

Nafn þolanda:_____ bekkur:_____

Nafn/nöfn og bekkur gerenda:_____

Tilkynnandi: kennari / starfsfólk, foreldri / forráðamaður, nemandi, aðrir...

Nafn:_____

Hvar á vandinn sér stað:_____

Hve lengi hefur vandinn staðið yfir:_____

Stutt lýsing :_____

Skrásetjari:_____

(Nafn)

Móttekið:_____

(Nafn og dagsetning)

Mikilvægt er að fara strax í vinnu með samskiptamálið eftir tilkynningu. Skrá skal niður allt ferlið og vinna eftir samskiptaáætlun Sandgerðisskóla.

Frumrannsókn vegna gruns um einelti/samskiptavanda**- Hugmynd að spurningum -**

Er þetta eitthvað sem þú hefur áhyggjur af? (*Pessi spurning á ekki við ef foreldri hefur sérstaklega samband með áhyggjur af mögulegu einelti.*)

Hvaða áhrif heldurðu að þetta hafi á nafn?

Finnst þér nafn sýna einhver einkenni þess að þetta hafi áhrif á hann/hana?

*Hvaða, áhrif?

*Hvernig lýsir það sér?

*Geturðu nefnt mér dæmi svo ég átti mig betur á þessu?

Hefur þetta gerst áður?

*Hvenær?

*Hve oft?

*Hvenær gerðist þetta síðast?

*Hversu oft á síðastliðinni viku/síðastliðnum mánuði?

Staldra við þessar spurningar og greina vel aðstæður og alvarleika.

Ert þú búin/n að gera eitthvað í þessu sjálf/ur?

*Hvað?

*Hvernig hefur það gengið?

*Hvað sérð þú sem mögulegt næsta skref?

Gæti þetta verið samskiptavandi? (*Fara í muninn á samskiptavanda og einelti.*)

Viltu leggja fram formlega tilkynningu um einelti og láta samskiptateymið hefja rannsókn? (*Útskýra ferlið ef ákveðið er að leggja fram tilkynningu.*)

Töfrarnir gerast í þögninni. Gefum gott rými til hugsunar svo sannleikurinn láti sjá sig.

Nafn: _____ dags: _____

Nemanda gert kunnugt um að ástæða þess að hann sé kominn í viðtal sé að við höfum fengið upplýsingar um að hann sé að koma illa fram við einstakling/a í beknum/skólanum.

Spurningar tengdar því að vera gerandi....

1. *Vilt þú segja eitthvað um þetta? _____*
2. *Afhverju heldurðu að þetta sé sagt um þig? _____*
3. *Er eitthvað til í þessu? Er þetta rétt? _____*

Dýpri pæling í líðan nemanda og ástæður neikvæðrar hegðunar

4. *Hvað finnst þér um þetta? _____*
5. *Vilt þú vera „bessi“ manneskja? _____*
6. *Ef þið mynduð skipta um hlutverk; þú værir hann/hún og hann/hún væri þú. Hvernig myndi þér líða? _____*
7. *Myndir þú vilja vera í hans/hennarsporum? _____*
8. *Hvað viltu gera í þessu? _____*
9. *Hvernig ætlarðu að gera það? _____*
10. *Hverju myndi það breyta fyrir þig? Hvernig myndi þér þá líða? _____*
11. *Er eitthvað sem þér finnst að við ættum að gera fyrir þig hérna í skólanum, til að hjálpa þér? _____*
12. *Er eitthvað sem þér finnst að foreldrar þínir ættu að gera til að hjálpa þér? _____*
13. *Hvernig manneskja viltu vera? _____*

Nafn: _____ dags: _____

Nemanda gert kunnugt um að ástæða þess að hann sé kominn í viðtal sé að við höfum fengið upplýsingar um að _____ sé að koma illa fram við hann.

Spurningar tengdar því að vera þolandi....

1. *Vilt þú segja eitthvað um þetta? _____*

2. *Hvernig kemur _____ fram við þig? _____*

3. *Hversu oft hefur þetta gerst? _____*

4. *Hvenær gerist þetta helst? _____*

Dýpri pæling í líðan nemanda...

5. *Hvað finnst þér um þetta? Hvernig líður þér með þetta? _____*

6. *Sérð þú einhverja leið til að stoppa þetta? _____*

7. *Hvað myndir þú vilja sjá gerast, ef þú gætir alveg ráðið því? _____*

8. *Hverju myndi það breyta fyrir þig? Hvernig myndi þér þá líða? _____*

9. *Er eitthvað sem þér finnst að við ættum að gera fyrir þig hérna í skólanum, til að hjálpa þér? _____*

10. *Er eitthvað sem þér finnst að foreldrar þínir ættu að gera til að hjálpa þér? _____*

11. Hvernig manneskja vilt þú vera? _____

Eftirfylgni - Skjöldur samskiptateymi

Dags.

	Tilkynning berst og Skjöldur fundar um málið.
	Rætt við umsjónarkennara, hann upplýstur um ferlið sem fer af stað.
	Rætt við þolanda, hann hughreystur og upplýstur um ferlið sem fer af stað.
	Rætt við geranda, hann upplýstur um ferlið sem fer af stað.
	Rætt við foreldra þolanda, þeir upplýstir um ferlið sem fer af stað.
	Rætt við foreldra geranda, þeir upplýstir um ferlið sem fer af stað.
	Rætt við umsjónarkennara, hann upplýstur um stöðu mála.
	Umsjónarkennari fer í tengslavinnu inni í bekk með aðstoð Skjaldar.
	Skjöldur fundar um málið og ákveður framhaldið.
	Rætt við umsjónarkennara, hann upplýstur um ákvörðun samskiptateymis.
	Rætt aftur við þolanda, hann upplýstur um ákvörðun samskiptateymis.
	Rætt aftur við geranda, hann upplýstur um ákvörðun samskiptateymis.
	Rætt aftur við foreldra þolanda, þeir upplýstir um ákvörðun samskiptat.
	Rætt aftur við foreldra geranda, þeir upplýstir um ákvörðun samskiptat.
	Máli lokað.

Unnið af:

Dags: _____

Vinnuferli í máli þolanda

Þolanda gerð grein fyrir því að einelti er ekki liðið í Sandgerðisskóla. Hann hefur fullan stuðning kennara, starfsfólks og stjórnenda. Hann á rétt á því að fá aðstoð frá námsráðgjafa eða hjúkrunarfræðingi. Þolandi skal vera hughreystur og upplýstur um ferlið sem fer af stað.

Rætt er við þolanda. Hvernig líður honum? Hér er honum gerð grein fyrir því að hann á rétt á stuðningi og tryggja skal að þolandi geti sagt frá ef eineltið heldur áfram. Hér er mikilvægt að skrá nöfn og helstu atriði viðtalsins.

Dags. _____

Ath. Endurtekin viðtöl við þolanda geta verið nauðsynleg.

Foreldrar þolanda eru upplýstir um gang mála. Símtal/samtal.

Dags. _____, dags. _____, dags. _____

Umsjónarkennari þarf að meta aðstæður um hvort betra sé að kalla foreldra á fund, hann getur þá fengið aðstoð á fundinum frá skólastjórnendum, samskiptateymi eða umsjónarmanni samskiptamála.

Ef foreldrar eru kallaðir á fund, skal fylla út blað sem er staðsett hjá ritara og það látið fylgja gögnum.

Vinnuferli í máli gerenda

Gerenda er gerð grein fyrir því að einelti er ekki liðið í Sandgerðisskóla. Mikilvægt er að nemenda sé gerð grein fyrir afleiðingum gjörða sinna og að haft verði samband við foreldra hans. Nemenda á að vera það ljóst að starfsmenn skólans munu nú fylgjast sérstaklega með honum.

Rætt er alvarlega við gerenda. Gerenda er gerð grein fyrir því að hann skal hækta skilyrðislaust að leggja í einelti. Mikilvægt er að ef um fleiri en einn gerenda er að ræða að það sé talað einslega við hvern og einn. Skráið nöfn, dagsetningu og helstu atriði viðtals.

Dags. _____

Ath. Endurtekin viðtöl við gerenda geta verið nauðsynleg.

Foreldrar gerenda eru upplýstir um gang mála. Símtal/samtal.

Dags. _____, dags. _____

Umsjónarkennari þarf að meta aðstæður um hvort betra sé að kalla foreldra á fund, hann getur þá fengið aðstoð á fundinum frá skólastjórnendum, samskiptateymi eða umsjónarmanni samskiptamála.

Ef foreldrar eru kallaðir á fund, skal fylla út blað sem er staðsett hjá ritara og það látið fylgja gögnum.

Vinnuferli með bekknum.

Bekkjarfundir um framkomu, samskipti og einelti. Rætt við nemendur um samskiptahringinn, samstöðu og bekkjaranda. *Muna samskiptareglur og fundareglur.*

Tengslakönnun lögð fyrir bekkinn, unnið úr henni strax og foreldrum kynntar niðurstöður hennar.

Klípusögur og hlutverkaleikir eru góð verkfæri til að vinna með umræðu um einelti. Mappa í kennaraveri með allskyns gögnum.

Til að efla bekkjaranda og samstöðu í bekknum, getur umsjónarkennari leitað aðstoðar til umsjónarmanns samskiptateymis, deildastjóra eða námsráðgjafa.

Stutt greining á hvernig bekkjarfundur gekk. Hvað ætlar kennari að gera næst? Hvar staðsettu nemendur sig á samskiptahringnum? Hvernig leið nemendum almennt? Hafa þeir orðið vitni af miklu einelti?

Umsjónarkennari þarf að meta ástandið, ef þolandi er útilokaður af bekkjarhópnum í heild, er mikilvægt að halda strax foreldrafund um eineltið í samstarfi við foreldra þolenda.

Eftirfylgni

Eftirfylgnin er mikilvæg, það skal fara strax í að ræða aftur við þolenda/gerenda eftir viku. Að vera í reglulegu sambandi við þolenda gefur upp skýra mynd hvort líðan nemenda sé betri eða í sama fari. Það sama á við um gerenda.

Eftir viku skal tekið aftur viðtal við þolenda, hvernig gengur?

Haft samband aftur heim og rætt um framvindu mála. Skráið dagsetningu og helstu atriði samtalsins.

Viðtal við gerenda/gerendur, hvernig gengur?

Haft samband aftur heim og rætt um framvindu mála. Skráið dagsetningu og helstu atriði samtalsins.

Hvað ef eineltið hættir ekki?

Fundur með foreldrum, bæði foreldrum þolanda og geranda. Öll fyrri gögn um samskiptamálið er tekið fyrir á nemendaverndarráðsfundi. Málið er þá komið í hendur stjórnenda sem ákveða um framhald málsins.